

96. ársþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga



30. mars 2017

Tjarnarlundi

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning annarra starfsmanna þingsins, 2 fundarritarar og 3ja manna kjörbréfanefnd
4. Skýrsla stjórnar
5. Álit kjörbréfanefndar
6. Ársreikningur ársins 2016 kynntur
7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikning. Reikningar bornir upp til samþykktar
8. Ávörp gesta
9. Íþróttamaður UDN
10. Tillögur lagðar fram og skipað í nefndir ef með þarf
11. Hlé
12. Afgreiðsla tillagna
13. Kosningar
14. Önnur mál
15. Þingslit

Skýrsla stjórnar 2016

Ýmislegt hefur verið gert síðan á síðasta þingi.

Á árinu voru haldnir 5 stjórnarfundir og 1 formannafundur.

Sambandið sótti um og fékk sjálfboðaliðastyrk Dalabyggðar til uppbyggingar á Dalnum. Hafist var handa um sumarið, og var fyrsta verk að laga brekkuna. Mikið verk er eftir til að gera Dalinn snyrtilegan og öruggan.

UDN stóð fyrir dansleiknum á bæjarhátíðinni Heim í Búðardal. Á dansleikinn mættu um 200 manns.

Styrkur Dalabyggðar var greiddur út í ágúst fyrir árið 2016. Styrkurinn skiptist þannig að Samstarfsnefnd ungmennafélagana fékk 600.000 kr. og Glaður 400.000 kr.

Þrjú ungmenni voru einnig styrkt vegna ungmennabúða NSU sem var haldin í Svíþjóð, þau Íris Dröfn Brynjólfsson, Lydía Nína Bogadóttir og Einar Björn Þorgrímsson. Hlutu þau 20.000 kr. hvert.

Námskeið UMFÍ *Sýndu hvað í þér býr* var haldið í Leifsbúð í apríl. Sabína Halldórsdóttir landsfulltrúi UMFÍ kenndi ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu og fleira.

Unglingalandsmótið var haldið í Borgarnesi 2016. Þangað fóru 18 flottir unglingar frá UDN og stóðu sig vel. Þau kepptu í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, hestaíþróttum og glímu. Þess má geta að Arndís Ólafsdóttir varð í 3. sæti í hestaíþróttum bæði í fjórgangi og tölti

Lokahóf UDN var haldið 7. september á Reykhólum. Þar var farið í ratleik og grillaðir hamborgarar. Einnig voru veitt verðlaun fyrir sumarið fyrir ástundun og bestann árangur í frjálsum íþróttum, knattspyrnu og hestaíþróttum.

UDN sótti um styrk til íþróttisjóðs og Dalabyggðar vegna hástökkisdýnu.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Laugum í Sælingsdal 15. október, Jóhanna Sigrún fór fyrir hönd UDN.

SamVest samstarfið gekk vel, haldnar voru samæfingar, vinamót, æfingabúðir og mót í Borgarnesi og sumarmót á Bíldudal.

Formannafundur var haldinn í nóvember. Full mæting. Rætt var um styrki, heimasíðuna og upplýsingaflæði, Dalinn og innkaup á áhöldum fyrir frjálsar íþróttir. Formannafundurinn er góður vettvangur til að skapa umræður og ræða það sem þarf að bæta í félögunum.

Alls voru 879 félagsmenn í UDN í lok árs 2016. Starfandi félög innan UDN eru Ungmennafélögin Afturelding, Dögun, Ólafur Páí, Stjarnan og Æskan. Hestamannafélagið Glaður og Glímufélag Dalamanna.

Starfandi ráð innan UDN eru frjálsíþróttaráð og knattspyrnuráð.

Fyrir hönd stjórnar

Heiðrún Sandra, formaður

Starfsskýrsla – Umf. Dögun starfsárið 2016

Starfsemi ungmennafélagsins Dögunar var með hefðbundnum hætti síðasta ár.

Það má segja að félagssvæðið sé orðið nokkuð strjálbýlt, þannig að ró er yfir starfseminni, enda er stjórnin líka komin með nokkuð háan starfsaldur. Félagið hefur kappkostað að styðja eftir bestu getu þau ungmenni sem hér búa, til að taka þátt í þeim íþróttum og félagsstarfi sem í boði er. Þannig er félagið í samstarfsnefnd með öðrum ungmennafélögum í Dalabyggð, þar sem markmiðið er að efla og skipuleggja íþrótt- og tólmundastarf fyrir börn og unglinga í Dalabyggð. Þetta hefur verið mjög ánægjulegt samstarf og verður vonandi áfram.

Umf. Dögun á eignarhlut í félagsheimilinu á Staðarfelli og tekur þátt í viðhaldi og rekstri hússins með sjálfböðavinnu og kaupum á búnaði. Þar er árlegt þorrablót haldið í samstarfi allra í sveitinni og allt unnið í sjálfböðavinnu. Það er nauðsynlegt að halda í þennan gamla ungmennafélagsanda því margar hendur vinna létt verk!

Svo er það einlæg von okkar að fólki fari að fjölga til sveita og byggðin og starfið eflist 😊

Íslandi allt!

Hrefna S. Ingibergsdóttir
formaður

Ungmennafélagið Afturelding Reykhólahreppi

Starfsskýrsla 2016

Á starfsárinu 2016 voru haldnir þrjár stjórnarfundir. Sá fyrsti var haldinn eftir aðalfund 17. Apríl 2016 til að koma nýrri stjórn inni hlutina og afhenda gögn. Úr stjórn fóru Rebekka Eiríksdóttir og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir sat áfram í stjórn, ný inni stjórn komu Hallfríður Valdimarsdóttir og Björn Samúelsson. Stjórnin skipti verkum og var ákveðið að Björn yrði formaður, Halla ritari og Guðrún gjaldkeri.

Æfingar

Í lok Apríl fengum við Svönu Hrönn Jóhannsdóttir úr Búðardal til að koma og vera með kynningu á glímu sem heppnaðist vel voru þrjár æfingar á skólatíma til vors og voru keppendur frá Aftureldingu sem kepptu á landsmótinu í Borgarnesi í glímu.

Örvar Ágústsson var fenginn til að vera með fótboltaæfingar í tveim flokkum frá 1. Júní til loka Júlí sem endaði með landsmóti þar sem hann fylgdi krökkunum í gegnum mótið.

Dísa R Magnúsdóttir var með frjálssípróttaæfingar frá júní byrjun til Júlí loka tvisar í viku.

Stefán Magnússon kom og var með fimm daga sund- og leikjanámskeið.

Æfingar utan hrepps

Farið á nokkrar sam vest æfingar og var þáttaka góð.

Mót

Félagsmenn voru hvattir til að sækja mót sem voru í boði í nærsveitum t.d. kvöldmót í frjálsum í Búðardal og önnur mót sem voru í boði á Hólmavík.

Fótboltamót Hólmadrangs á Hólmavík.

Fótboltamót Vestra og Hrafnaflóka Patreksfirði.

Ungmenna landsmót Borgarnesi sem var vel sótt af okkar fólki.

Viðburðir

Afturelding hélt utan um kvennahlaupið 4 Júní eins og venjulega í boði voru 2km,3km,5km og 7km hjaupið var út Reykjanes.

Súmba námskeið var haldið í Maí eina helgi í tengslum við hreyfiviku Umfí.

Liverpool fótboltaskóli í Mosfellsbæ var vel sótt af okkar krökkum.

Barcelona fótboltaskóli stúlkna var ein stúlka héðan á því námskeiði.

Styrkir

Styrkir fengust frá Reykhólahrepp og Orkubúi Vestfjarðar.

Annað

Í kjallara sundlaugar er rekinn þreksalur sem var stækkaður um helming og bætt við tækjum í Desember 2016.

Auglýsingaskilti eru á skjólgirðingu sundlaugar og sala á gosi og ís í afgreiðslu sundlaugar.

Nýr fótboltavöllur er í smíðum á Reykhólum og er hugsaður með hlaupabraut í kring og frjálsíþrótt aðstöðu til hliðar við völlinn.

Björn Samúelsson formaður

Hallfríður Valdimarsdóttir ritari

Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri

Starfsskýrsla Glímufélags Dalamanna 2016

Starf Glímufélags Dalamanna var með rólegra móti árið 2016. Félagið sendi ekki keppendur á mót á vegum Glímusambands Íslands. Vikulegar æfingar voru haldnar í Dalabúð og hófust þær í október. Svana Hrönn Jóhannsdóttir og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir voru þjálfara félagsins. Kolbeinn Bjarnason keppti í glímu fyrir hönd UDN á Unglingalandsmótinu, hann stóð sig vel og endaði í 4. sæti hjá strákum 11-12 ára.

Fyrir hönd Glímufélags Dalamanna

Svana Hrönn Jóhannsdóttir

Starfskýrsla Umf. Stjórnunar árið 2016

Félagsmenn Stjórnunar tóku virkan þátt í þeim atburðum sem haldnir voru, bæði í íþróttum og öðrum samkomum.

Félagar Stjórnunar tóku þátt í æfingum á vegum SamVest samstarfsins og kvöldmótum UDN.

Einnig tóku félagar þátt í unglíngalandsmóttinu sem haldið var í Borgarnesi bæði í keppni og sem starfmenn á móttinu.

Eins og undanfarinn ár þá var Stjarnan í samstarfi við Æskuna, Ólaf pá og Dögun um íþróttastarf í Dalabyggð.

Fh Umf. Stjórnunar

Arnar Eysteinnsson

Starfsskýrsla ungmennafélagsins Æskunnar 2016.

Starfið var með nokkuð hefðbundnu sniði, nú er allt æskulýðsstarfið í höndum samstarfsnefndar ungmennafélaganna og fögnum við því mjög, okkar fulltrúi í samstarfsnefndinni er Pálmi Jóhannsson.

Grafarlaug er enn í endurbyggingu og vonumst við eftir að ljúka ákveðnum áfanga í sumar þannig að hægt sé að ljúka jarðraski þar, síðastliðið sumar var vatn í lauginni og var hún notuð talsvert, við vitum að ef þar verður alvarlegt slys þá eru líkur á við getum ekki haft hana opna án eftirlits, því höfum við haft hana vatnslausa á föstudögum og laugardögum og beðið um að ekki sé áfengi haft um hönd því við teljum að það auki hættuna á alvarlegu slysi.

Íþróttavöllurinn okkar á Nesodda sem við eigum skuldlaust hefur verið lítið notaður en er alltaf til staðar.

Prekvirki, sem hefur haldið utan um námskeiðahald félagsins var ekki starfrækt á árinu en stendur vonandi til bóta.

Ársport er líkamsrækt sem félagið rekur í samstarfi við Kvenfélagið Fjólu er starfrækt í Árbliki.

Íslandi allt

Finnbogi Harðarson formaður

Fjóla Mikkaelsdóttir ritari

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir.



Starfsskýrsla 2016

Ungmennafélagið Ólafur Pá

Á árinu 2016 var ungmennafélagið Ólafur Pá þátttakandi í samstarfi ungmennafélaganna um sameiginlegar sumar æfingar fyrir börn og unglinga.

Aðeins hefur fjölgað ungum iðkendum hjá félaginu sem er gott.

Líkt og undanfarin ár hefur Líkamsræktarstöðin að Vesturbraut 20 hefur verið vel nýtt. Enn fjölgar notendum. Alls hafa um 60 lykilar verið í útleigu sem er nokkuð gott hlutfall þar sem fyrir hverjum lykli eru á bilinu 1-2 sem nýta hann frá hverju heimili. En miðað er við að hver lykill gildi fyrir heimilisfólk.

Umsjónarmaður með salnum er Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir.

Lítilsháttar endurnýjun var á tækjum og búnaði, og fyrirhugað eru nokkrar endurbætur á árinu 2017.

Framtíðar plön verður vonandi hentugra og betra húsnæði fyrir stöðina.

Eldri borgurum er boðin frí afnot af salnum 1 x í viku. Leiðbeindendur hafa verið með hópkenngu nokkra tíma í viku og eins höfum við reynt að hafa opið hús með leiðbeinanda til að kenna einstaklingum á tæki.

Þá höfum við komið á móts við einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Þorablót var haldið eins og önnur ár og var góð afkoma af því þetta árið

Aðalfundur var haldinn og nokkrir stjórnarfundir.

Stjórn Umf Ólafs Pá

Baldur Þórir Gíslason

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Bergþóra Jóhannsdóttir



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Starfsskýrsla Glaðs til UDN- starfsárið 2016

Hestamannafélagið Glaður starfaði af krafti á árinu 2016 eins og árin á undan. Aðalfundur var haldinn þann 11. apríl 2016 og aðalfundur 2017 er boðaður þann 3. apríl næstkomandi.

Stjórn félagsins er nú þannig skipuð :

Þórður Ingólfsson, formaður

Svala Svavarsdóttir, gjaldkeri

Vilberg Þránínsson, ritari

Viðar Þór Ólafsson, meðstjórnandi

Þórarinn Birgir Þórarínsson, meðstjórnandi

Heiðrún Sandra Grettisdóttir er varaformaður og situr stjórnarfundum skv. hefð.

Fundargerð aðalfundarins 2016 er hér. Núgildandi lög félagsins eru hér. Ársreikningi og félagatali verður skilað í gegnum Felix að venju.

Félagafjöldinn í Glað hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár þó svo nokkrir hætti á hverju ári og aðrir komi nýjir. Nú í mars 2017 eru þeir 158 og þar af eru 50 sautján ára og yngri á árinu 2017.

Félagsstarf Glaðs byggist að mestu leiti á öflugu starfi í nefndum sem hver fer með sinn málaflokk. Þessar nefndir eru nú starfandi í félaginu: Fræðslu- og æskulýðsnefnd, kynbótanefnd, mótanefnd, reiðveganefnd, skemmtinefnd og tölvu- og tækninefnd.

Mótahald

Mótahald var með hefðbundnum hætti hjá félaginu á árinu 2016. Haldin voru þrjú innanhúsmót í febrúar og mars: Smalamót, Þrígangsmót og Tölmót. Vetrarleikar eru fyrsta útimótið okkar og var haldið á reiðvelli í apríl. Í lok sama mánaðar var haldið opið hestaþróttamót. Gæðingakeppni okkar, Hestaþing Glaðs var svo haldið í júní og var það sömuleiðis opið mót. Þátttaka var góð í öllum mótum félagsins en heldur minni þó á Hestaþinginu en oft áður og var það nú haldið á einum degi. Landsmótsúrtaka var haldin í Borgarnesi, sameiginleg fyrir öll félögin á Vesturlandi.

Á mótum Glaðs öðrum en Hestaþinginu fer fram stigakeppni þar sem keppendur safna stigum yfir keppnisárið og eru svo þeir stigahæstu verðlaunaðir í lok íþróttamótsins. Einnig

fór fram liðakeppni á sömu mótum þar sem keppendur röðuðust í lið eftir búsetu og söfnuðu stigum.

Niðurstöður allra móta Glaðs má sjá á vef félagsins www.gladur.is

Landsmót hestamanna var haldið að Hólum í Hjaltadal og þar átti Glaður sína fulltrúa í keppni eins og vant er.

Fræðslu- og æskulýðsstarf

Reiðnámskeið var í gangi allan síðastliðinn vetur frá janúar og fram í júní, kennt var á helgum þannig að nemendum bauðst að sækja ýmist 3 eða 4 tíma í mánuði. Kennari var Sjöfn Sæmundsdóttir. Þátttaka var mjög góð eða um 30 manns. Í apríl héldu börnin á reiðnámskeiðinu sýningu í Nesoddahöllinni þar sem þau sýndu okkur listir sýnir og m.a. hvað þau voru búin að læra hjá Sjöfn. Sýningin var vel sótt og mjög skemmtileg. Múlahnýtinganámskeið var haldið í Búðardal í nóvember.

Ýmislegt annað

Enn var haldið áfram vinnu við reiðveg frá Breiðamel, fram hjá Saurum og Ási þar sem við höfum verið að færa reiðveginn fjær þjóðveginum. Styrkur kom til verksins af reiðvegafé eins og undanfarin ár. Nú voru lögð nokkur ræsi undir veginn og settur strengur meðfram. Loks hyllir undir að þessu verki sé lokið því nú er aðeins minniháttar frágangur eftir.

Skemmtikvöld var haldið í janúar og þar voru m.a. veittar viðurkenningar fyrir árangur í keppni á árinu 2015 Nokkur kvöld hittust Glaðsfélagar líka og horfðu saman á beina útsendingu frá Meistaradeild í hestaíþróttum. Í apríl stóð skemmtinefndin svo fyrir pubquiz hestamanna á Dalakoti. Skemmti- og fræðsluferð var farin í Skagafjörðinn í byrjun júní og nokkur þekkt hrossaræktarbu heimsótt.

Hestamannafélögin á Vesturlandi eiga með sér allnokkurt samstarf um mótahald og ýmislegt fleira. Formenn félaganna hittast reglulega á fundum og ræða ýmis mál. Nú er undirbúningur í fullum gangi fyrir Fjóðungsmót Vesturlands sem fram fer í Borgarnesi í sumar. Glaður á tvo fulltrúa í framkvæmdanefnd mótsins.

Glaður á nú einn fulltrúa í stjórn Landssambands Hestamannafélaga en það er Eypór Jón Gíslason. Félagið á einnig fulltrúa í Tölvunefnd LH og raunar er óhætt að fullyrða að í áraraðir hafi Glaður staðið í broddi fylkingar í tölvuvæðingu mótahalds hestamanna.

Félagið heldur nú sem fyrr úti öflugum vef, www.gladur.is fyrir félagsmenn og aðra áhugasama og er þar að finna fréttir og ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins. Þar eru lög félagsins, niðurstöður allra móta, upplýsingar um stjórn og nefndir og fjölmargt annað. Félagið er einnig með síðu á facebook.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Glaðs í mars 2017,

Þórður Ingólfsson, formaður

Skýrsla frjálisþróttaráðs

Starfsárið 2016

Frjálisþróttaráð stóð fyrir þrem sumarkvöldmótum í frjálsum sem haldin voru í Dalnum í Búðardal og kom að lokahátíð á Reykhólum í september með framkvæmdastjóra UDN. Mæting á viðburð var ágæt en alltaf viljum við þó sjá fleiri, bæði hér heima og í öðrum héruðum. Samstarf við framkvæmdastjóra UDN hefur verið mjög gott og hefur hann tekið yfir nokkuð af vinnu varðandi mótin og lokahóf.

Lokahóf er uppgjör á sumarstarfinu og viðurkenningar veittar. Viðurkenningar voru veittar fyrir góða mætingu á æfingar og mót í sumar. Viðurkenningar fyrir bestu afrek kvenna og karla voru veittar og eins viðurkenning fyrir mestu framfarir frá 2015 (miðað er við stígotöflu FRÍ fyrir unglinga fyrir bestu afrek og framfarir). Allir keppendur á kvöldmótum UDN fengu þátttökuviðurkenningu og skjal yfir besta árangur sumarsins samanborið við árangur frá árinu 2015. Á því skjali má sjá framfarir sem orðið hafa milli ára.

Frjálisþróttaráð átti gott samstarf við framkvæmdanefnd SamVest. Iðkendur UDN voru hvattir til að sækja þau mót og æfingar sem í boði voru á sambandssvæðinu sem og atburði á vegum SamVest.

Frjálisþróttaráð þakkar keppendum, forráðamönnum og öðrum sem að komu fyrir samveru og aðstoð á starfsárinu 2016.

Frjálisþróttaráð

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Herdís Erna Matthíasdóttir

Arnar Eysteinnsson

Skýrsla samstarfsnefndar 2016

Samstarf ungmennafélaganna í Dalabyggð gekk vel á árinu. Í samstarfsnefndinni eru Arnar Eysteinnsson, Pálmi Jóhannsson, Sigrún Birna Halldórsdóttir og Baldur Gíslason.

Fjögurra vikna íþróttanámskeið var í apríl fyrir 11-16 ára. Það voru kenndar fjölbreyttar íþróttir. Einnig var boðið upp á skriðsundsnámskeið á sama tíma og þá máttu fullorðnir einnig taka þátt. Um vorið var boðið var upp á íþróttæfingar og leikjatíma fyrir 7-10 ára á gæslutíma í Auðarskóla í umsjá Svönu Hrannar.

Sumarstarfið gekk vel. Gunnur Rós Grettisdóttir sá um 4 vikna leikjanámskeið fyrir 7-10 ára börn. Hún sá einnig um frjálsíþróttæfingarnar til 11. júlí. Svana Hrönn og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir sá um frjálsíþróttæfingarnar það sem eftir var sumarsins. Svana Hrönn og Sindri Geir Sigurðarson sá um knattspyrnuæfingar sumarsins. Vel var mætt á námskeiðið og æfingar sumarsins.

Um haustið voru knattspyrnuæfingar fyrir 6-9 ára og fyrir 10-16 ára einu sinni í viku. Æfingarnar voru í umsjá Svönu Hrannar. Sundnámskeið var haldið fyrir 1.-4. bekk Auðarskóla. Námskeiðin fóru fram í Búðardal á gæslutíma skólans. Anna Sigríður og Svana Hrönn voru þjálfarar á sundnámskeiðinu.

Markmiðið fyrir árið 2017 er að það verði enn kraftmeira, með fleiri og fjölbreyttari æfingum og námskeiðum.

Fyrir hönd samstarfsnefndar

Svana Hrönn Jóhannsdóttir

Tillögur

Tillaga 1

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 þakkar sveitastjórnnum Dalabyggðar og Reykhólahrepps fyrir veittan stuðning á árinu.

Tillaga 2

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 samþykkir að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr. 200 fyrir hvern aðila 16 ára og eldri.

Tillaga 3

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.